

Ed.

727. Þingsályktun

um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglínga.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, að hve miklu leyti unnt sé að sameina skóla fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og mállalta, og undirbúa löggjöf um stofnun slíks skóla, eftir því sem niðurstöður rannsóknarinnar benda til.

Ennfremur að undirbúa löggjöf um forsjá fávita, geðveikra eða annara, er líkt stendur á um, og leggja árangur þeirra rannsókna fyrir næsta Alþingi.